

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu 119
um hlunnindi handa sparisjóði. — Með brjefi þessu voru hlunnindi þau, er ræðir 30. ág.
 um í tilsk. 5. jan. 1874, með venjulegum skilyrðum veitt »Sparisjóði Kinnunga«
 í Ljósavatnshreppi í Þingeyjarsýslu, stofnuðum 1889, um 5 ára tímabil frá 1.
 okt. 1892 að telja.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 120
virðingargjörðir á Þjóðjörðum, er selja skal.— Í þóknanlegu brjefi dags. 17. maím. 10. sept.
 síðastliðins, hafið þjer, herra amtnaður, skýrt frá því, að ábúendurnir á Þjóðjörð-
 unum Brattlandi, Heiðarseli, Mörk, Seglbúðum og Heiði, öllum í Skaptafellssýslu,
 hafi lýst því yfir, að þeir óski að kaupa ábýli sin fyrir það verð, sem heimild er veitt
 til að selja þau fyrir í lögum 11. desbr. 1891 og hafi sýslum. í Skaptafellssýslu
 jafnframt því að tilkynna yður þetta, spurst fyrir um, hvort honum sje eigi heimilt
 án frekari fyrirskipunar í hvert sinn, að útnefna matsmenn og láta fara fram
 mat á jörðum, þar sem þannig er ástatt, eins og með hinar ofangreindu jarðir,
 að heimild er til að selja og ábúendur óska að kaupa, og beiðist þjer úrlausn-
 ar minnar um, hve svara beri greindri fyrirspurn sýslumannsins.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það er hjer segir.
 Eins og yður er kunnugt, er í 2. gr. í lögum um sölu Þjóðjarða 8. nóv. 1883
 ákveðið, að landshöfðingi gjöri þær ráðstafanir, sem með þarf um sölu jarðanna,
 ákveði kaupverð það, er jarðirnar megi seljast fyrir, en láti áður 2 dómkvadda
 menn virða hverja jörð fyrir sig, og er ákveðið, að kostnaðurinn við þetta
 greiðist úr landssjóði. Til þessarar ákörðunar er skírskotað í Þjóðjarðasölulög-
 unum 8. jan. 1886, 4. nóv. 1887 og 9. desbr. 1889, en í hinum síðustu lögum
 um heimild til að selja Þjóðjarðir 11. desbr. f. á. er þessari skírskotun sleppt,
 og engin heimild veitt til að greiða af landssjóði kostnað við virðingargjörðir á
 undan sölu. Með því að jarðirnar hafa verið virtar og skoðaðar áður en
 uppástungur um sölu þeirra komu fyrir þingið, virðist því ekki ástæða til, að
 láta nýja skoðun fara fram aptur á ný, þegar það er ekki fyrirskipað, og ber
 því að svara fyrirspurn sýslumannsins á þá leið, að þegar ræða sje um jarðir,
 sem heimild er veitt til að selja í lögum nr. 31, 11. desbr. 1891, þá þurfi alls
 engin ný virðingargjörð að fara fram, og verði ekki borguð úr landssjóði, þótt
 framkvæmd hafi verið, en þegar kaups hafi verið beiðst á jörðum, sem eldri
 lög heimila að selja, þá megi hann kveðja menn til virðingar og láta virðing-
 argjörð framfara, þegar ábúendur hafa skuldbundið sig til að kaupa að minnsta
 kosti fyrir það verð, sem lögin greina, án þess að leita sjerstakra fyrirskipana
 þar að lútandi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 118
sjerstaka manntalsþinghá í Álptavershreppi. — Samkvæmt tillögum yðar, herra 22. sept.
 amtnaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 31. f. mán., vil jeg hjer með samþykkja

21. dag desembermán. 1892.

120 Þá beiðni hreppsnefndarinnar í Álptavershreppi í Skaptafellssýslu, er hlutaðeig-
22. sept. andi sýslumaður hefir mælt með, að tjeður hreppur sje eptirleiðis sjerstök
manntalsþinghá, með þingstað að Herjólfstöðum, og ber hreppsnefndinni að
annast um sæmilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari birtingar.

121 *Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um*
30. sept. **sjerstaka manntalsþinghá fyrir Vallahrepp.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
maður, í þóknanlegu brjefi dags. 13. þ. m. vil jeg hjer með samþykkja þá
beiðni hreppsnefndarinnar í Vallahreppi og hreppsnefndarinnar í Eyðahreppi í
Suður-Múlasýslu, er hlutaðeigandi sýslunefnd hefur mælt með, að Vallahreppur
verði manntalsþinghá út af fyrir sig með þingstað að Höfða og Eyðahreppur
sömuleiðis manntalsþinghá fyrir sig með þingstað að Eyvindará, og ber hrepps-
nefndunum að annast um sæmilegt hús til þinghaldanna.

Með þessari ákvörðun er engin breyting gjörð á hinni fornu Eyðaþing-
há sem dómsþinghá.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari birtingar.

122 *Brjef landshöfðingja, til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um*
4. nóv. **skipting á Skinnastaðahreppi í 2 hreppsþjelög.** — Eptir að mjer, með þóknanlegu
brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 1. f. m., hefir borizt formleg beiðni frá hrepps-
nefndinni í Skinnastaðahreppi um skipting tjeðs hrepps í 2 hreppsþjelög, sbr.
brjef mitt til yðar, dags. 7. nóv. f. á., og með því að málið nú hefur verið rætt
og samþykkt á reglulegum hreppsnefndarfundi og hlotið eindregin meðmæli
sýslnefndarinnar í Norður-Þingeyjarsýslu, skal hjer með samkvæmt tillögum yðar
og eptir 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 4. maí 1872 skipað svo fyrir
sem hjer segir:

1. Skinnastaðahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu skal skipt í 2 hreppa, er nefn-
ist Axarfjarðarhreppur og Fjallahreppur, þannig að takmörk hinna nýju
hreppa verði landamerkin milli jarðanna Hóls á Hólsfjöllum og Hafursstaða
í Axarfirði.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Skinnastaða-
hrepps, þeim sem verða þegar skiptingin fer fram, skal skipt milli hinna
nýju hreppa að tiltölu við hina samanlögðu tölu lausafjárúndarinnar til
fátækra og sveitarútsvaranna hin síðustu 5 fardagaár, 1886—91, eins og þau
hafa verið í hvorum hluta hins sameinaða hrepps. Eptir sama hlutfalli skal
einnig skipta sveitarþyngslum, sem síðar kunna að koma til, og sem eiga rót
sína í fjelgsskap þeim, er hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara undir eins og amtið hefir ákveðið